

VIÐHORF TIL LÖGREGLU

Könnun á viðhorfum höfuðborgarbúa til
þjónustu og starfa lögreglunnar

Nóvember 2019



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS





Lýsing á rannsókn

Unnið fyrir	Lögreglustjórn á höfuðborgarsvæðinu
Markmið rannsóknar	Að kanna viðhorf almennings til þjónustu lögreglu og starfa hennar
Dagsetning skýrsluskila	27. nóvember 2019

Ábyrgðaraðilar

Framkvæmd	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands
Gagnaöflun, úrvinnsla og skýrsluhöfundur	Margrét Valdimarsdóttir

INNGANGUR

Könnun var lögð fyrir tilviljunarúrtak fólks 18 ára og eldra á landinu öllu. Viðhorf landsmanna til lögreglu, reynslu af afbrotum og ótti við þau voru könnuð. Hér fyrir neðan er eingöngu birt samantekt á niðurstöðum höfuðborgarbúa á viðhorfum til lögreglu og starfa hennar. Aðrar niðurstöður eru birtar í öðrum skýrslum lögreglu. Niðurstöður könnunarinnar voru unnar af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Heildarfjöldi í úrtaki höfuðborgarbúa voru 2.000 einstaklingar á aldrinum 18 til 90 ára. Alls svöruðu 1.097 einstaklingar og var því svarhlutfall um 55%.

FRAMKVÆMD

Tekið var 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnun á vegum stofnunarinnar. Úrtakið var tvískipt; 2.000 af höfuðborgarsvæðinu og 2.000 af landsbyggðinni. Alls svöruðu 2.190 einstaklingar könnuninni og svarhlutfall var því um 55%. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu voru 1.097 og var því svarhlutfallið þar einnig um 55%. Könnun var send út 18. júní 2019. Fimm ítrekanir voru sendar með tölvupósti frá 21. júní til 6. ágúst 2019.

Niðurstöður hafa verið vigtaðar þannig að úrtakið endurspegli þýði höfuðborgarbúa með tilliti til kyns, aldurs og menntunar¹. Niðurstöður eru jafnframt greindar eftir þessum sömu bakgrunnsbreytum, sem og búsetu. Búsetu er skipt upp í annars vegar hverfi og hins vegar í löggæslusvæði. Póstnúmer á höfuðborgarsvæðinu tilheyra eftirfarandi löggæslusvæðum:

Löggæslusvæði 1: 101, 103, 104, 105, 107, 108 og 170.

Löggæslusvæði 2: 210, 220, 221, 222 og 225.

Löggæslusvæði 3: 109, 111, 200, 201, 202 og 203.

Löggæslusvæði 4: 110, 112, 113, 116, 270, 271 og 276.

Marktektarprófið kí-kvaðrat var notað til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnum. Ein stjarna merkir að innan við 5% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,05$), þ.e. meðal allra

¹ Þýðisupplýsingar um kynjahlutföll og hlutföll í hverjum aldurshópi koma frá Hagstofu Íslands í júlí 2019. Þýðisupplýsingar um menntun byggja á manntali Hagstofu Íslands frá 2011, en Hagstofan hefur ekki safnað manntalsupplýsingum síðan þá. Þrátt fyrir að vigt byggji á upplýsingum um menntun frá árinu 2011 mun sú vigt draga úr þeirri skekkju sem myndast vegna hærra svarhlutfalls meðal háskólamenntaðra einstaklinga.

höfuðborgarbúa sem eru 18 ára eða eldri. Tvær stjórnur þýða að innan við 1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,01$) og þrjár stjórnur þýða að innan við 0,1% líkur eru á því að munur sem sést á milli hópa svarenda komi til ef enginn munur er á milli hópanna í þýðinu ($p \leq 0,001$).

Tafla 1. Framkvæmd könnunar.

Framkvæmdarmáti	Netkönnun
Upplýsingasöfnun	18.06.2019-13.08.19
Fjöldi í úrtaki	2.000
Fjöldi svarenda	1.097
Svarhlutfall	54,9%

Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og menntun svarenda og þýðis.

	Fjöldi svarenda	Hlutfall svarenda	Hlutfall í þýði
Kyn			
Karl	542	49,4%	50,8%
Kona	555	50,6%	49,2%
Aldur***			
18-25 ára	98	8,9%	14,7%
26-35 ára	147	13,4%	20,4%
36-45 ára	190	17,3%	18,2%
46-55 ára	211	19,2%	16,2%
56-65 ára	219	20,0%	14,4%
66 ára og eldri	232	21,1%	16,0%
Menntun***a			
Grunnskólamenntun	81	7,8%	30,3%
Framhaldsskólamenntun	361	35,1%	38,7%
Háskólamenntun	586	57,0%	31,0%

Marktækur munur er á hlutfalli í úrtaki og hlutfalli í þýði; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

a: Þýði allra landsmanna árið 2011



HELSTU NIÐURSTÖÐUR

- Höfuðborgarbúar hafa almennt jákvætt viðhorf til lögreglu. Mikill meirihluti þeirra telur lögreglu hafa skilað góðu stafi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, telur hana aðgengilega, ber traust til lögreglu, telur lögreglu í sínu hverfi heiðarlega og að fylgja skuli fyrirmælum lögreglu. Flestir sem leita eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu eru ánægðir með þá þjónustu.
- Viðhorf til lögreglu hafa lítið breyst á síðustu árum. Þó telja aðeins lægra hlutfall höfuðborgarbúa lögregluna aðgengilega nú en á allra síðustu árum á undan. Svipað mynstur birtist þegar traust til lögreglu er borið saman milli ára. Það hefur dregið örlítið úr hlutfalli þeirra sem bera traust til lögreglu frá því sem það var á síðustu tveimur árum.
- Viðhorf til lögreglu eru að einhverju leyti ólík milli hópa. Konur eru líklegri en karlar til að telja lögreglu hafa skilað góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum og bera traust til lögreglu. Niðurstöður í þessari rannsókn benda einnig til að eldra fólk sé almennt jákvæðari í garð lögreglu en yngri íbúar höfuðborgarsvæðisins. Ekki er skýrt munstur í viðhorftum til lögreglu eftir búsetu (mismunandi eftir því hvað spurt er um) en þó virðast íbúar í miðborg, Vesturbæ og á Seltjarnarnesi vera aðeins neikvæðari í garð lögreglu en íbúar annarra hverfa. Almennt er ekki munur á viðhorfum til lögreglu eftir menntun borgarbúa.
- Dregið hefur úr sýnileika lögreglu síðan mælingar hófust árið 2008. Sýnileiki lögreglu mælist þó meiri í ár en fyrir einu ári. Um helmingur íbúa telur sig sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi einu sinni í mánuði eða sjaldnar (en oftár en aldrei), en tæpur þriðjungur sér lögreglu að jafnaði 2 til 3 svar í mánuði til vikulega.
- Um þriðjungur íbúa á höfuðborgarsvæðinu leitaði eftir einhverskonar þjónustu lögreglu á árinu. Flestir sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu í Neyðarlínuna (112). Mikill meirihluti þeirra sem leitaði eftir þjónustu lögreglu var ánægður með þá þjónustu sem þeir fengu. Mest var ánægjan meðal þeirra sem hringdu í Neyðarlínuna. Hlutfallslega flestir íbúar í Breiðholti nýta sér þjónustu eða aðstoð lögreglu.


Viðhorf til starfa lögreglu

- Um 85% höfuðborgarbúa telur lögreglu skila mjög eða frekar góðu starfi við að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi (sjá töflur 3 og 4). Hér er vert að taka fram að þetta er hlutfall af þeim sem tóku afstöðu til spurningarinnar. En nokkur stór hópur telur sig ekki vita hversu góðu eða slæmu starfi lögreglan hefur skilað ($360/1097 = 33\%$).
- Eins og kemur fram á myndum eitt og tvö hefur orðið lítil breyting á viðhorfum til lögreglu frá árinu 2008. Hlutfallslega flestir voru ánægðir með störf lögreglunnar árið 2014 þegar um 9 af hverjum 10 svarendum taldi lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi. Árið 2016 var hlutfall höfuðborgarbúasem taldi lögreglu hafa skilað mjög slæmu starfi í hámarki, eða um 3,4%. Frá árinu 2008 hafa um eða yfir 85% talið lögregluna hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi.
- Marktækur munur er á viðhorfum höfuðborgarbúa til starfa lögreglu eftir kyni og búsetu. Hlutfallslega fleiri konur en karlar telja lögreglu hafa skilað góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi (sjá töflu 4).
- Íbúar í Grafarvogi og Grafarholti eru líklegri en íbúar annarra hverfatil að telja lögreglu hafa skilað góðu starfi. Þetta hlutfall er lægst meðal íbúa í vesturbæ og á Seltjarnarnesi, eða 69%. Nokkuð hærra hlutfall íbúa á löggæslusvæði 4 (89,4%) en á löggæslusvæði 1 (78,6%) telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi.

Tafla 3. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum?




Mynd 1. Þegar á heildina er litið, hversu góðu eða slæmu starfi finnst þér lögreglan skila í þínu hverfi til að stemma stigu við afbrotum? Samanburður árána 2008 til 2019



Mynd 2. Hlutfall þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi til að stemma stigu við afbrotum í sínu hverfi, samanburður árána 2008 til 2019

Tafla 4. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu hafa skilað mjög eða frekar góðu starfi, skipt upp eftir kyni aldri, búsetu og menntun²



Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

² Heildarfjöldi svarenda sem gaf upp afstöðu til spurningarinnar um störf lögreglu voru 736, af þeim voru 84,8% svarenda mjög eða frekar ánægðir (eða 624).


Sýnileiki lögreglu

- Til þess að meta sýnileika lögreglu var spurt hversu oft að jafnaði fólk sér lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi. Flestir höfuðborgarbúar segjast sjá lögregluna í sínu hverfi einu sinni í mánuði eða sjaldnar, eða um 47%. Um 16% íbúa á höfuðborgarsvæðinu sjá lögregluna oftár en einu sinni í viku, en 7% segjast aldrei sjá lögreglu eða lögreglubíl í sínu hverfi (sjá töflu 5).
- Á myndum 3 og 4 er sýnileiki lögreglu borin saman frá árinu 2008 til 2019. Á árinu 2018 fjölgaði í hópi þeirra sem sagðist sjá lögreglu einu sinni í mánuði eða sjaldnar en fækkaði hlutfallslega á móti í hópnum sem sagðist sjá lögreglu 2-3 sinnum í mánuði eða sjaldnar.
- Hlutfall höfuðborgarbúa sem sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku, að jafnaði, hefur lækkað frá árinu 2008 þegar hlutfallið var tæplega 31%. Þetta hlutfall var í lágmarki á árinu 2018 þegar það var tæp 13% en hækkaði upp í tæp 16% árið 2019 (sjá mynd 4).
- Nokkur munur er á hlutfalli þeirra sem sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Hlutfallslega fleiri karlar segjast sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku, eða 18% samanborðið við 13,5% kvenna. Hlutfallslega flestir í aldurshópnum 26 til 35 ára sjá lögreglu oftár en einu sinni í viku (sjá töflu 6).
- Eins og kemur fram í töflu 6 er mikill munur á sýnileika lögreglu eftir því í hvaða hverfi fólk býr. Íbúar í miðborginni og gamla vesturbænum eru töluvert líklegri en íbúar annarra hverfa til að segjast sjá lögreglu vikulega (35,2%). Sýnileiki lögreglu er einnig mikill í Breiðholti (29%), Hlíðahverfi (25,5%) og í Grafarvogi og Grafarholti (24,1%). Mjög lágt hlutfall íbúa í Garðabæ og á Álftanesi verða varir við lögreglu í sínu hverfi oftár en einu sinni í viku (u.þ.b. 2%).


Tafla 5. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði? ³

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Oftár en einu sinni í viku	169	16%	2,2%	16%
2-3 í mánuði til vikulega	318	30%	2,7%	30%
Einu sinni í mánuði eða sjaldnar	508	47%	3,0%	47%
Aldrei	75	7%	1,5%	7%
Fjöldi svara	1070	100%		
Veit ekki	24			
Vil ekki svara	3			
Alls	1097			

³ Spurt var: Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði (hér er ekki átt við sýnileika lögreglu t.d. í fjölmiðlum)?




Mynd 3. Hversu oft sérð þú lögreglumann eða lögreglubíl í þínu hverfi að jafnaði? Samanburður árána 2008 til 2019 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)



Mynd 4. Hlutfall þátttakenda sem sér lögreglumann eða lögreglubíl oftast en einu sinni í viku, samanburður árána 2008 til 2019 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)

Tafla 6. Hlutfall þátttakenda sem sér lögreglumann eða lögreglubíl í sínu hverfi oftar en einu sinni í viku, skipt upp eftir kyni aldri, búsetu og menntun




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Aðgengi að lögreglunni


- Um 20% þátttakenda telur lögreglu mjög aðgengilega og um helmingur telur hana frekar aðgengilega. Tæplega þriðjungur telur því lögreglu frekar eða mjög óaðgengilega (sjá töflu 7).
- Upplifun höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni hefur verið nokkuð svipuð á undanfönum árum. Þó hefur hlutfall þeirra sem telja lögreglu mjög aðgengilega farið lækkandi á síðustu árum. Árið 2008 greindu 29% svarenda frá því að þeir teldu lögreglu mjög aðgengilega en tæp 20% árið 2019 (sjá myndir 5 og 6).
- Það er tölfræðilega marktækur munur á mati höfuðborgarbúa á aðgengi sínu að lögreglunni eftir aldri og búsetu. Fólk í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára) er líklegra en fólk á miðjum aldri til að telja lögreglu í sínu hverfi mjög eða frekar aðgengilega.
- Hlutfallslega færri íbúar í Breiðholti telja lögreglu aðgengilega heldur en íbúar í öðrum hverfum höfuðborgarsvæðisins, eða um 46% samanborið við tæp 80% íbúa í miðborginni og gamla Vesturbænum (sjá töflu 8).

Tafla 7. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi?

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög aðgengileg	150	20%	2,3%	20%
Frekar aðgengileg	374	49%	3,0%	49%
Frekar óaðgengileg	170	22%	2,5%	22%
Mjög óaðgengileg	70	9%	1,7%	9%
Fjöldi svara	764	100%		
Veit ekki	319			
Vil ekki svara	14			
Alls	1097			




Mynd 5. Þegar þú hugsar um aðgengi þitt að lögreglunni, t.d. til að fá þjónustu eða aðstoð þegar á þarf að halda, hversu aðgengileg eða óaðgengileg finnst þér lögreglan vera í þínu hverfi? Samanburður árána 2008 til 2018 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)



Mynd 6. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega, samanburður árána 2008 til 2019 (spurning ekki notuð í könnun árið 2015)

Tafla 8. Hlutfall þátttakenda sem telur lögreglu vera mjög eða frekar aðgengilega í sínu hverfi




Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Traust til lögreglu og upplifun á lögmæti og heiðarleika lögreglu


- Í töflu 9 kemur fram að mikill meirihluti borgarbúa ber traust til lögreglu og starfa hennar, eða tæp 84%. Um 7% greina frá því að þeir beri ekki traust til lögreglu og um 9% taka ekki afstöðu til fullyrðingarinnar.
- Lítil breyting hefur orðið á trausti á lögreglu frá árinu 2014 (þegar mælingar hófust). Hlutfall þátttakenda sem eru mjög eða frekar sammála að þeir beri traust til lögreglu var örlítið lægra á árinu 2019 heldur en á síðustu 2 árum, en þó munar hér aðeins tæplega 3 prósentustigum (sjá myndir 7 og 8).
- Hlutfallslega fleiri konur en karlar bera traust til lögreglu, eða rúmlega 86% konur samanborið við tæp 81% karla. Traust eykst jafnframt með auknum aldri (sjá töflu 10). Þetta eru samskonar munstur og hafa birst í könnunum fyrri ára. Með öðrum orðum, konur eru líklegri en karlar til að treysta lögreglu og eldra fólk frekar en fólk í yngri aldurshópum. Það er hvorki marktækur munur á trausti til lögreglu eftir búsetu eða menntun borgarbúa.
- Mikill meirihluti þátttakenda telur lögreglu í sínu hverfi vera almennt heiðarlega. Það er ekki munur á mati á heiðarleika lögreglu eftir kyni, aldri eða menntun.
- Eins og kemur fram í töflu 12 eru hlutfallslega flestir íbúar í Árbæ mjög eða frekar sammála að lögreglan í þeirra hverfi sé almennt heiðarleg, eða um 96% samanborið við tæp 70% íbúa í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi.
- Ein leið til að mæla upplifun fólks á lögmæti lögreglu er að spyrja hvort það telji að fylgja beri fyrirmælum hennar þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna. Um 84% þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu eru þeirri fullyrðingu mjög eða frekar sammála (sjá töflu 13).
- Nokkur munur er á hversu hátt hlutfall telur að fylgja beri fyrirmælum lögreglu eftir aldri. Fólk í yngsta aldurshópnum (18 til 25 ára) er síður líklegt en fólk í öðrum aldurshópum til að vera sammála fullyrðingunni, eða tæp 65% samanborið við tæp 95% í elsta aldurshópnum.
- Hlutfall íbúa sem er sammála því að fylgja beri fyrirmælum lögreglu er sérstaklega hátt í Vesturbæ eða á Seltjarnarnesi, Hafnarfirði, í Garðabæ eða á Álftanesi. Heldur lægra hlutfall íbúa miðborgar eða gamla Vesturbæ og Mosfellsbæ, Kjalarnesi eða Kjósarhrepp, en þó er hlutfallið um og yfir 70% í þessum hverfum.

Tafla 9. Traust til lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	387	37%	2,9%	37%
Frekar sammála	490	47%	3,0%	47%
Hvorki né	96	9%	1,7%	9%
Frekar ósammála	44	4%	1,2%	4%
Mjög ósammála	32	3%	1,0%	3%
Fjöldi svara	1049	100%		
Veit ekki	9			
Vil ekki svara	39			
Alls	1097			



Mynd 7. Traust til lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Ég ber traust til lögreglu og starfa hennar“, samanburður árána 2014 til 2018



Mynd 8. Hlutfall þátttakenda sem var mjög eða frekar sammála fullyrðingunni að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar, samanburður árána 2014 til 2018

Tafla 10. Hlutfall þátttakenda sem voru mjög eða frekar sammála að þeir beri traust til lögreglu og starfa hennar, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild			
	1049	83,5%	83,5%
Kyn*			
Karl	532	80,7%	80,7%
Kona	516	86,4%	86,4%
Aldur***			
18-25 ára	149	75,2%	75,2%
26-35 ára	192	75,6%	75,6%
36-45 ára	189	86,8%	86,8%
46-55 ára	174	86,9%	86,9%
56-65 ára	164	83,8%	83,8%
66 ára og eldri	182	92,0%	92,0%
Búseta			
Miðborg, Gamli Vesturbær	68	73,4%	73,4%
Hlíðar	92	78,9%	78,9%
Vesturbær, Seltjarnarnes	73	76,3%	76,3%
Laugardalur, Háaleiti	98	85,0%	85,0%
Breiðholt	98	83,4%	83,4%
Árbær	52	89,8%	89,8%
Grafarvogur, Grafarholt	131	87,1%	87,1%
Kópavogur	151	84,6%	84,6%
Garðabær, Álftanes	69	80,0%	80,0%
Hafnarfjörður	142	89,3%	89,3%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	73	83,1%	83,1%
Löggæslusvæði			
Löggæslusvæði 1	330	79,0%	79,0%
Löggæslusvæði 2	212	86,3%	86,3%
Löggæslusvæði 3	250	84,1%	84,1%
Löggæslusvæði 4	257	86,5%	86,5%
Menntun			
Grunnskólanám	301	84,4%	84,4%
Framhaldsskólanám	402	84,3%	84,3%
Háskólanám	324	82,4%	82,4%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 11. Heiðarleiki lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Lögreglan í mínu hverfi er almennt heiðarleg“

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	366	43%	2,9%	43%
Frekar sammála	353	42%	2,9%	42%
Hvorki né	89	11%	1,8%	11%
Frekar ósammála	14	2%	0,8%	2%
Mjög ósammála	21	2%	0,9%	2%
Fjöldi svara	843	100%		
Veit ekki	214			
Vil ekki svara	40			
Alls	1097			

Tafla 12. Hlutfall þátttakenda sem var mjög eða frekar sammála að lögreglan í þeirra hverfi sé almennt heiðarleg, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild			
	843	85,3%	85,3%
Kyn			
Karl	451	85,5%	85,5%
Kona	391	85,2%	85,2%
Aldur			
18-25 ára	113	83,8%	83,8%
26-35 ára	166	80,0%	80,0%
36-45 ára	163	88,1%	88,1%
46-55 ára	139	82,6%	82,6%
56-65 ára	131	85,5%	85,5%
66 ára og eldri	131	92,5%	92,5%
Búseta***			
Miðborg, Gamli Vesturbær	59	78,1%	78,1%
Hlíðar	79	77,8%	77,8%
Vesturbær, Seljarnames	65	69,5%	69,5%
Laugardalur, Háaleiti	70	88,6%	88,6%
Breiðholt	80	80,9%	80,9%
Árbær	45	96,0%	96,0%
Grafarvogur, Grafarholt	94	90,4%	90,4%
Kópavogur	116	91,4%	91,4%
Garðabær, Álftanes	59	83,3%	83,3%
Hafnarfjörður	119	91,2%	91,2%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	57	84,1%	84,1%
Löggæslusvæði***			
Löggæslusvæði 1	273	78,7%	78,7%
Löggæslusvæði 2	178	88,6%	88,6%
Löggæslusvæði 3	196	87,1%	87,1%
Löggæslusvæði 4	195	89,8%	89,8%
Menntun			
Grunnskólanám	227	85,0%	85,0%
Framhaldsskólanám	333	85,6%	85,6%
Háskólanám	268	86,2%	86,2%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

0% 20% 40% 60% 80% 100%

Tafla 13. Lögmæti lögreglu. „Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi fullyrðingu: Fylgja skuli fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna“

	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Vikmörk +/-	Hlutfall
Mjög sammála	447	44%	2,9%	44%
Frekar sammála	414	40%	2,9%	40%
Hvorki né	105	10%	1,8%	10%
Frekar ósammála	36	4%	1,1%	4%
Mjög ósammála	25	3%	0,9%	3%
Fjöldi svara	1027	100%		
Veit ekki	23			
Vil ekki svara	47			
Alls	1097			



Tafla 14. Hlutfall þátttakenda sem var mjög eða frekar sammála að fylgja beri fyrirmælum lögreglu, þó maður sé ósáttur við framkomu hennar eða úrlausn ákveðinna verkefna, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	1027	83,8%	83,8%
Kyn			
Karl	525	84,8%	84,8%
Kona	502	82,8%	82,8%
Aldur***			
18-25 ára	148	65,8%	65,8%
26-35 ára	189	79,0%	79,0%
36-45 ára	184	85,0%	85,0%
46-55 ára	174	90,9%	90,9%
56-65 ára	161	85,2%	85,2%
66 ára og eldri	172	94,9%	94,9%
Búseta*			
Miðborg, Gamli Vesturbær	67	69,7%	69,7%
Hlíðar	91	82,5%	82,5%
Vesturbær, Seltjarnarnes	73	88,9%	88,9%
Laugardalur, Háaleiti	92	85,1%	85,1%
Breiðholt	97	79,7%	79,7%
Árbær	52	86,8%	86,8%
Grafarvogur, Grafarholt	124	85,6%	85,6%
Kópavogur	153	83,7%	83,7%
Garðabær, Álfanes	69	88,7%	88,7%
Hafnarfjörður	141	89,6%	89,6%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	67	75,8%	75,8%
Löggæslusvæði			
Löggæslusvæði 1	324	82,0%	82,0%
Löggæslusvæði 2	210	89,3%	89,3%
Löggæslusvæði 3	249	82,2%	82,2%
Löggæslusvæði 4	243	83,1%	83,1%
Menntun			
Grunnskólanám	297	87,6%	87,6%
Framhaldsskólanám	391	82,2%	82,2%
Háskólanám	318	83,0%	83,0%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001


Samskipti við lögreglu⁴

- Árið 2018 leitaði tæp 33% þátttakenda á höfuðborgarsvæðinu eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu. Þetta er svipað hlutfall og á árinu áður en örlítið lægra hlutfall en á síðustu þremur árum þar á undan (sjá mynd 9).
- Af þeim sem leituðu eftir þjónustu lögreglu hringdu flestir í Neyðarlínuna (112), eða um 55%. Um 28% þeirra sem nýttu sér þjónustu lögreglu á árinu 2018, nýttu sér samfélagsmiðla hennar. Fáir senda lögreglunni tölvupóst og fara á heimasíðu lögreglunnar.
- Það er tölfraðilega marktækur munur á hlutfalli þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu eftir aldri og búsetu. Hlutfallslega flestir á aldrinum 36 til 45 ára greindu frá því að hafa leitað eftir einhverskonar þjónustu eða aðstoð lögreglu, en hlutfallslega færstir í elsta aldurshópnum (66 ára eða eldri).
- Íbúar í Breiðholti eru töluvert líklegri til að hafa leitað eftir þjónustu lögreglu heldur en íbúar annarra hverfa, eða tæp 47% samanborið við um 19% í Garðabæ og á Álftanesi þar sem hlutfallið er lægst (sjá töflu 15). Jafnframt er nokkuð hátt hlutfall íbúa í miðborg og gamla Vesturbæ og íbúa í Árbæ sem leitaði eftir þjónustu lögreglu.
- Í töflu 16 er birt hvers konar þjónustu lögreglu höfuðborgarbúar leita eftir, greint eftir kyni, aldri, búsetu og menntun. Í töflunni má sjá að fólk á aldrinum 26 til 35 ára var líklegra en fólk í öðrum aldurshópum til að hringja í Neyðarlínuna (112).
- Hlutfallslega fleiri íbúar í Breiðholti leita eftir þjónustu lögreglu með því að hringja í Neyðarlínuna (112) og með því að fara á heimasíðu lögreglu heldur en íbúar annarra hverfa. Fólk í Kópavogi og í Vesturbæ eða á Seltjarnarnesi er hins vegar líklegast til að hringja á lögreglu, en íbúar í Árbæ að fara á lögreglustöð eða senda lögreglu tölvupóst. Íbúar í Hlíðunum eru líklegri en íbúar annarra hverfa að nýta sér samfélagsmiðla lögreglu.
- Meirihluti þeirra sem nýtti sér þjónustu eða aðstoð lögreglu var mjög eða frekar ánægður með þjónustuna. Þetta á sérstaklega við um þá sem hringdu í Neyðarlínuna (112), eða 9 af hverjum 10. Minnst var ánægjan meðal þeirra sem sendi lögreglunni tölvupóst (sjá mynd 11).

⁴ Spurt var: Ef þú hugsar um árið 2018, leitaðir þú eftir þjónustu/aðstoð lögreglu með einhverjum af eftirtöldum hætti?



Mynd 9. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir einhvers konar þjónustu eða aðstoð lögreglu, samanburður árána 2015 til 2018.



Mynd 10. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu eða aðstoð lögreglu, greint eftir samskiptaleið⁵. n = 359

⁵ Svarendur máttu merkja við fleiri en einn valmöguleika og er því heildarhlutfallið hærra en 100%

Tafla 15. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir einhvers konar þjónustu, skipt upp eftir kyni, aldri, búsetu og menntun


	Fjöldi eftir vigtun	Hlutfall	Hlutfall
Heild	1097	32,7%	32,7%
Kyn			
Karl	552	34,7%	34,7%
Kona	545	30,7%	30,7%
Aldur***			
18-25 ára	165	35,8%	35,8%
26-35 ára	199	37,9%	37,9%
36-45 ára	197	41,5%	41,5%
46-55 ára	181	34,2%	34,2%
56-65 ára	169	27,9%	27,9%
66 ára og eldri	186	18,0%	18,0%
Búseta***			
Miðborg, Gamli Vesturbær	76	42,2%	42,2%
Hlíðar	100	39,9%	39,9%
Vesturbær, Seljarnames	75	26,8%	26,8%
Laugardalur, Háaleiti	102	33,4%	33,4%
Breiðholt	100	46,8%	46,8%
Árbær	54	41,2%	41,2%
Grafarvogur, Grafarholt	132	30,2%	30,2%
Kópavogur	162	33,6%	33,6%
Garðabær, Álfanes	70	19,2%	19,2%
Hafnarfjörður	150	22,0%	22,0%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhr.	74	30,0%	30,0%
Löggæslusvæði***			
Löggæslusvæði 1	354	35,7%	35,7%
Löggæslusvæði 2	221	21,1%	21,1%
Löggæslusvæði 3	262	38,6%	38,6%
Löggæslusvæði 4	260	32,5%	32,5%
Menntun			
Grunnskólanám	306	34,4%	34,4%
Framhaldsskólanám	405	33,3%	33,3%
Háskólanám	325	33,2%	33,2%

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001

Tafla 16. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir einhvers konar þjónustu lögreglu, greint eftir samskiptaleið, kyn, aldri, búsetu og menntun

	Heildarfjöldi eftir vigtun	Hringdi í neyðarlínuna	Nýtti mér samfélags- miðla	Hringdi á lögreglustöð	Fór á lögreglustöð	Fór á heimasíðu lögreglu	Sendi lögreglunni tölvupóst
Heild	1097	18,3%	9,4%	8,2%	6,2%	3,9%	3,9%
Kyn							
Karl	552	20,3%	10,0%	9,8%	7,4%	4,8%	4,3%
Kona	545	16,3%	8,7%	6,6%	5,0%	2,9%	3,5%
Aldur		***	***	***	***	***	***
18-25 ára	165	25,2%	8,8%	4,4%	8,9%	5,6%	0,0%
26-35 ára	199	27,3%	16,3%	10,9%	6,1%	4,1%	6,6%
36-45 ára	197	23,5%	15,8%	10,6%	5,2%	6,2%	5,4%
46-55 ára	181	13,0%	9,0%	11,0%	5,7%	2,7%	5,5%
56-65 ára	169	12,1%	4,1%	6,4%	6,0%	3,7%	4,7%
66 ára og eldri	186	7,5%	0,8%	5,2%	5,3%	0,8%	0,6%
Búseta		***	***	***	***	*** ^a	*** ^a
Miðborg, Gamli Vesturbær	76	21,7%	9,5%	9,0%	2,5%	6,0%	10,1%
Hlíðar	100	24,9%	19,2%	6,6%	8,4%	7,0%	5,7%
Vesturbær, Seljarnarnes	75	10,9%	5,7%	10,6%	3,0%	3,0%	3,1%
Laugardalur, Háaleiti	102	22,2%	5,7%	8,2%	3,5%	5,0%	4,9%
Breiðholt	100	27,6%	11,9%	8,8%	7,0%	7,3%	7,3%
Árbær	55	23,3%	15,5%	4,7%	19,3%	1,3%	10,7%
Grafarvogur, Grafarholt	132	21,7%	8,1%	9,3%	4,0%	1,1%	0,0%
Kópavogur	162	17,4%	8,5%	10,8%	6,5%	4,2%	3,9%
Garðabær, Álftanes	70	9,2%	8,2%	3,1%	2,5%	1,9%	1,8%
Hafnarfjörður	150	10,8%	6,3%	9,6%	5,2%	2,3%	0,3%
Mosfellsbær, Kjalarnes, Kjósarhi	74	10,6%	8,2%	3,8%	11,2%	3,2%	1,3%
Löggæsluvæði		**	**	**	***	**	** ^a
Löggæsluvæði 1	354	20,4%	10,3%	8,4%	4,6%	5,3%	5,9%
Löggæsluvæði 2	220	10,3%	6,9%	7,5%	4,3%	2,2%	0,8%
Löggæsluvæði 3	262	21,3%	9,8%	10,0%	6,7%	5,4%	5,2%
Löggæsluvæði 4	260	18,9%	9,7%	6,7%	9,3%	1,7%	2,6%
Menntun							
Grunnskólanám	306	20,2%	8,7%	5% ^a	8,7%	2,5%	4,9%
Framhaldsskólanám	405	18,0%	8,3%	9,7%	5,7%	3,5%	2,7%
Háskólanám	325	17,6%	11,9%	10,9%	4,9%	6,0%	5,3%

Marktækur munur milli hópa *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001 a: Reiðir með fáa einstaklinga og því í þarf að túlka marktæktarpróf varlega



Mynd 11. Hlutfall þátttakenda sem leitaði eftir þjónustu lögreglu og voru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna, greint eftir samskiptaleið